Kopar	mg/kg þ.e.	6,60	9,11	-	0,0023	6,74	8,97	0,0054

¹ Mjólkurfóðureiningar² Neutral Detergent Fibers = stoðkolvetni (tréni)

Lítill og oftast ómarktækur munur var á efnastyrk uppskerunnar milli tegunda. Undantekningin var natríum þar sem var mikill og marktækur munur

milli tegunda. Þar er vallarrýgresið með um sjöfalt meira natríum en vallarfoxgrasið sem var með lágsta styrkinn.



20. mynd. Fyrsti sláttutíminn tekinn 3. júní 2019 í Ásgarði.



21. mynd. Þriðji sláttutíminn tekinn 1. júlí 2019 í Ásgarði.

PPP vallarrýgresi. Samanburður á ferlitna yrkjum og erfðahópum, Hvanneyri


ÞÓRODDUR SVEINSSON

Þessi samanburðartilraun með 17 ferlitna yrkjum og 24 ferlitna erfðahópum (stofnum) fór af stað 2018 og var kynnt þá á þessum vettvangi. Tilraunin kom vel undan vetri og sumarið einstaklega gott fyrir gróður þó að þurrkur fyrri hluta sumars væri farinn að hafa áhrif á sprettu.


Tilraunastaður: Ásgarðshóll, Hvanneyri, á endurunnu túni, plægt og unnið um vorið.

Jarðvegur: Malarríkur steinefnajarðvegur


Áburður: 6. maí, 120 kg N/ha í 20N-4,4P-8,3K (Græðir 6)
 Þekjumæling (%): 29. apríl
 19. júní
 30. júlí
 Skriðmæling (0-6) 19. júní
 30. júlí
 1. sláttur: 19. júní
 2. sláttur 31. júlí
 3. sláttur 23. september



22. mynd. Þurrefnisuppskera vallarrýgresis yrkja og erfðahópa á Ásgarði, Hvanneyri 2019. Meðaluppskera 9,2 þurrefnistonn, staðalskekka = 0,589 tonn ($p=0,0023$). Rauðu súlurnar sýna viðmiðunaryrkin.



23. mynd. Meðalþekja (3 mælingar) vallarrýgresis yrkja og erfðahópa á Ásgarði, Hvanneyri 2019. Meðalþekja 94,4%, staðalskekking = 2,49% ($p=0,041$). Rauðu súlurnar sýna viðmiðunaryrkin.



24. mynd. Skríðþungi (skrið [0-6] við 1. slátt + við 2. slátt) vallarrýgresis yrkja og erfðahópa á Ásgarði, Hvanneyri 2019. Meðalskríðþungi = 4,0, staðalskekking = 0,50 ($p<0,0001$). Rauðu súlurnar sýna viðmiðunaryrkin.



25. mynd. Fyrsti sláttur í vallarrýgresinu í Ásgarði, 19. júní 2019.

Náttúruúrval í breiðum erfðagrunni vallarrýgresis, Korpu og Möðruvöllum (Tilraun nr. 948-16)

ÞÓRODDUR SVEINSSON

Þetta er hluti af norrænu PPP verkefni sem kynnt hefur verið í fyrri skýrslum. Sáð var í fræðokureiti vorið 2016 á Möðruvöllum og Korpu með það að markmiði að ná lífvænlegu fræi haustið 2019 af eftirlifandi erfðahópum. Stefnt er að því að fræið verði undirstaðan fyrir ný norðlæg yrki í vallarrýgresi. Vorið 2018 var búið að afskrifa fræðokureitinn á Korpu og hann var þá ekki hirtur. Hins vegar hafði rýgresið braggast mikið vorið 2019 með þekju sem var áætluð um 20%. Á Möðruvöllum var þekjan metin 25-30%. Fræi var því safnað á báðum stöðum. Til að tryggja að einhver fræuppskera næðist var ákveðið setja upp yfirbyggðan vermireit á Möðruvöllum en það var ekki talið nauðsynlegt á Korpu enda reiturinn í góðu skjóli. Einnig voru teknir 11 rýgresishnausar á báðum stöðum sem settir voru í potta og fluttir í gróðurhús á Hvanneyri fyrir fræðöku seinna um sumarið. Blómgunartími vallarrýgresis er langur og fræ þroskast því yfir langan tíma. Þannig að það getur verið erfitt að finna

einn réttan skurðtíma áður en of mikið af fullþroskuðu fræi hefur hrunið úr puntinum.

Úr dagbók:

- Byrjun maí: Borinn á tilbúinn áburður á Möðruvöllum af bónda, venjulegur túnskammtur.
- 15.maí: Vermireitur og gróðurdúkur settur upp á Möðruvöllum, um 12 m².
- 15.maí: 11 hnausar grafnir upp á Möðruvöllum og fluttir í gróðurhús á Hvanneyri.
- 22.maí: Borið á sem svarar 100 kg N/ha í Græði 6 (20-20-20) á Korpu.
- 22.maí: 11 hnausar grafnir upp á Korpu og fluttir í gróðurhús á Hvanneyri.
- 16.júl: Gróðurdúkurinn tekinn af vermireitnum á Möðruvöllum.
- 11.okt: Fræhreinsun með Haldrup sýnaþreskivél.

Stefnt er að því að uppskera aftur fræ af þessum reitum 2020.

Þessu fræi verður síðan sáð í reiti á Hvanneyri vorið 2020.

21. tafla. Fræuppskeran 2019.

Staður	Ræktað hvar	Skorið	Uppskera, g	Spírun ¹ %
Möðruvellir	úti	14. sep	71	3
Möðruvellir	í gróðurhúsi	14. ágú	43	90
Korpa	úti	2. sep	34	72
Korpa	í gróðurhúsi	14. ágú	44	88

¹ 19. mars 2020



26. mynd. Uppsetning vermireits á Möðruvöllum 15. maí 2019.



27. mynd. Dúkurinn á vermireitnum var fjarlægður 16. júlí.

– TÚNRÆKT –

Sáðmagnstilraunir

HRANNAR SMÁRI HILMARSSON

Lagðar voru út sáðmagnstilraunir á Hvanneyri með byggi, höfrum, repju og mergkáli, sumarrýgresi, vetrarrýgresi og sumarhöfrum. Markmið verkefnisins var að finna besta mögulega sáðmagn fyrir allar helstu tegundir grænfóðurs, byggs og hafra hérlendis. Gæði uppskeru einærra tegunda geta aukist með minna sáðmagni en mælt er með nú til dags, en mikilvægt er að það

sé ekki á kostnað uppskeru. Annað markmið með tilraununum var að þær myndu nýtast sem prófanir á mismunandi yrkjum.

Niðurstöður verða birtar síðar.

Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

– TÚNRÆKT –

Hækkun sýrustigs á íslenskum ræktunarjarðvegi með öðrum tegundum bergefna en skeljasandi

HRANNAR SMÁRI HILMARSSON

Viðfangsefni þessa verkefnis er að kanna möguleikann á að hækka sýrustig í súrum mýrarjarðvegi með öðrum bergefnum en skeljasandi. Hingað til hefur skeljasandur aðallega verið notaður sem íblöndunarefni túna til þess að hækka sýrustig svo það henti nytjaplöntum. Aðgengi að skeljasandi er misjafnt milli landshluta. Því er það mikilvægt að kanna möguleika á öðrum bergefnum s.s. fjörusandi til íblöndunar við ræktunarmold. Mögulega gætu önnur bergefni en hefðbundinn skeljasandur nýst til að hækka sýrustig ræktunarjarðvegs.

Tilraun var sett upp í pottum í gróðurhúsi LbhÍ á Hvanneyri með mýrajarðvegi. Í efsta lag jarðvegsins í pottinum var bætt við bergefni og blandað saman við með því að hræra í efstu 10 cm í þremur mismunandi hlutföllum við fjórar gerðir bergefna: Skeljasand (2 gerðir), fjörusand og námusand. Sýrustig verður mælt reglulega og þannig fylgst með ferlinu.

Niðurstöður verða birtar síðar.

Verkefnið var unnið í samstarfi við RML og styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

Áhrif plægingardýptar, fínvinnslu- og völtunaraðferða á þekju illgresis og sáðgresis á fjölærar grastegundir

HRANNAR SMÁRI HILMARSSON

Markmið verkefnisins var að setja upp tilraun sem getur veitt nákvæmar upplýsingar um hentugleika jarðvinnsluaðferða í grasrækt. Tilraun var því lögð út til að kanna áhrif mismunandi jarðvinnsluaðferða, plægingadýptar, mismunandi fínvinnslutækni og mismunandi völtunaraðferða. Tilraunin var lögð út í mýrarstykki þar sem ræktun einærra nytjajurta hafði farið fram tvö ár fyrir tilraunina.

Meðferðarliðir voru þrjár plægingardýptir, 14, 19 og 24 cm. Fjórar fínvinnslu aðferðir, Hankmo herfi, diskaherfi, pinnatætari og hnífatætari. Tvær gerðir af valta, sléttur valti og gjarðavalti, sem hvor um sig var einungis valtað fyrir, einungis valtað eftir og svo valtað fyrir og eftir sáningu.

Ýmislegt fór úrskeiðis í tilrauninni. Þurrasta sumar í manna minnum var á Hvanneyri sem var valdur að því að vöxtur sáðgrass var verulega heftur fram eftir sumri. Þegar loksins

kom væta náði illgresi sér hratt á strik á kostnað sáðgresis. Til að hefta illgresisvöxt og auka samkeppnisstöðu sáðgresis var brugðið á það ráð að slá alla tilraunareiti. Uppskera var ekki mæld í þeim slætti. Þessi sláttur gerði það að verkum að bíða þurfti fram í september til að fá nægan vöxt til að hægt væri að ná slætti sem væri nýtilegur í uppskerumælingar. Í september höfðu gæsir bitið töluvert af tilraunareitunum og því voru ekki allir reitir með marktækar uppskerutölur eftir sumarið.

Tilraunin mun verða slegin aftur sumarið 2020 og þá munu fást betri upplýsingar um áhrif jarðvinnslu á 2. sumri.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Hvanneyrarbúið og styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

– TÚNRÆKT –

Úrkoma, afrennsli og tap af næringarefnum af mýrartúnum á Hvanneyri

BJÖRN ÞORSTEINSSON

Reglulegar mælingar voru gerðar frá maí 2001 til júní 2002 á afrennslismagni og styrk efna í afrennslisvatni af túnum á Hvanneyri í Borgarfirði. Einnig var veðurgagna aflað frá sama svæði. Efnagreiningar voru gerðar á eftirtöldum þáttum í afrennslisvatni: heildarstyrk köfnunarefnis (N), fosfórs (P), kalís (K), kalsíums (Ca), magnesíums (Mg), natríums (Na) og brennisteins (S). Einnig var mælt magn ólífræns köfnunarefnis (NH₄-N+ heilda oxað N (TON), fosfats (PO₄P) og leysanlegs fosfórs (TSP). Niðurstöður sýndu að útskolun er sveiflukennndust og mest yfir vetrarmánuðina.

Heildarútskolun Ca, Mg, K og Na reyndist frekar mikil en útskolun köfnunarefnisþátta og fosfórs var lítil með tilvísun til þess að um er að ræða áborið ræktarland.

Sjá nánar í; Björn Þorsteinsson, Guðmundur Hrafn Jóhannesson, Arngrímur Thorlacius og Þorsteinn Guðmundsson (2019). Úrkoma, afrennsli og tap af næringarefnum af mýrartúnum á Hvanneyri. *Icelandic Agricultural Sciences* 32, 61-74. <https://doi.org/10.16886/IAS.2019.06>

Áhrif sýrustigs og steinefna á smárablöndur

ÞÓREY ÓLÖF GYLFAÐÓTTIR

Vorið 2018 var sáð í tvær 18 reita tilraunir á Hvanneyri, annars vegar í Ásgarðshólnum og hins vegar út í á túni í framræstri svarðarmýri (spilda 61) þar sem vitað var að pH jarðvegs var lágt. Reitarstærð var 1,25m * 8m.

Markmið verkefnisins er að finna næga P og K áburðarskammta á smárablöndur sem gefur hámarks uppskeru ásamt því að skoða tengsl P og K áburðarskammta og sýrustigs jarðvegs. Talið hefur verið að smári þurfi hærri steinefnaskammta en grös. Samband sýrustigs í jarðvegi og P og K skammta hefur hins vegar ekki verið skoðað en vonir standa til að hægt sé að lækka steinefnaskammta á smára svo framarlega sem sýrustig jarðvegs sé yfir 5,5.

Sáð var blöndu vallarfoxgrass, hávinguls, rauðsmára og hvítsmára, öllum tegundum í jöfnum hlutföllum og hreint vallarfoxgrass var til viðmiðunar. Áburðarliðir voru þrír þar sem alltaf var sama magn N áburðar en misháir skammtar af P og K, 70N- 60P-80K, 70N- 30P-60K, 70N- 15P-40K (kg/ha).

Sýrustigsmælingar á jarðvegssýnum úr tilrauninni út í spildu 61 sýndu pH frá 4,5 til 4,8 og ekki var martækur munur á niðurstöðum pH mælinga hvort sýni var tekið úr 0-10 cm dýpt eða 10-30 cm dýpt. Sýrustigsmælingar jarðvegssýna úr tilrauninni í Ásgarðshólnum sýndu pH gildi frá 5,7 til 6,1 og þar var heldur ekki martækur munur á niðurstöðum pH mælinga hvort sýni var tekið úr 0-10 cm dýpt eða 10-30 cm dýpt.

Tilraunin í Ásgarðshólnum var slegin 18. júní og tilraunin út í spildu 61 20. júní, alls 2x18 reitir. Mjög greinilegur áburðarmunur var í tilrauninni í spildu 61. Í raun voru allir reitir mjög ljótir, mjög lítil þekja, en reitirnir með hæsta P og K skammtinum leit þó mun betur út en þeir sem höfðu fengið lægri skammtana. Vegna þess hvað tilraunin í spildu 61 leit illa út var tekin ákvörðun að greina hlutfall tegunda aðeins í reitum með hæsta áburðarskammtinn en allir reitir þekjuskoraðir fyrir slátt þannig að skráð var heildarþekja hvers reits, þekja smára og svo þekja grasa. Heildarþekja reita í spildu 61

með hæsta áburðarskammtinn var frá 80-100% á meðan heildarþekja á miðju skammtinum var frá 25-70% og við lægsta P og K skammtinn var á bilinu 10-30%. Borið var á tilraunirnar eftir fyrri sláttinn þann 27. júní og þá mátti sjá áburðarkorn frá áburðadreifingu frá því um vorið enda búið að vera með eindæmum þurrt. Daginn eftir að áburði var dreift rigndi nokkuð.

Seinni sláttur var 18. ágúst á báðum stöðum. Við seinni slátt voru tilraunareitir út í spildu 61 þekjumældir eins og við fyrri sláttinn og það var greinlega meiri þekja í öllum áburðarliðum heldur en við fyrri slátt. Reitir með hæsta áburðarmagnið voru nú nær allir með 100% þekju. Reitir sem fengu miðjuskammtinn voru með 60 til 95% þekju og reitir í minnsta P og K áburðarskammtinum voru með heildar þekju frá 40-75%. Mjög lítið var af smára í tilrauninni í spildu 61 en reitir með hæsta P og K skammtana voru samt með áberandi meira af smára en hinir áburðarliðirnir.

Mikil vonbrigði eru með mjög lágt hlutfall smáategunda í uppskeru, líka í Ásgarðshólum þar sem sýrustig jarðvegs á að vera ásættanlegt. Það vekur líka undrun að ekki er munur á hlutfalli smára eftir áburðarliðum í tilrauninni í Ásgarðshólum. Hvað veldur er ekki ljóst en hugsanlegt er að miklir þurrkar hafi haft þessi áhrif á smárann.

Ásgarðshóll

1. sláttur

Gögn úr fyrri slætti á Ásgarðshólum leiddu í ljós að marktækur munur var milli mismunandi áburðarliða ($P < 0,001$) en ekki marktækur munur á uppskeru eftir því hvort um var að ræða hreint

vallarfoxgras eða smárablönduna. Víxlverkun á milli áburðar og tegunda var á mörkum þess að vera marktæk ($P = 0,064$). Þegar gögnin voru skoðuð nánar sést að stundum er marktækur munur í víxlverkun milli áburðarliða og tegunda (vallarfoxgras/smárablanda). Til einföldunar má lýsa víxlverkuninni þannig að hæsti áburðarliðurinn (hæsta magn P og K) er marktækt frábrugðinn lægsta skammtinum, mið-áburðarskammturinn er frábrugðinn hæsta skammtinum og smárablöndunni í lægsta skammtinum. Þannig sést að þó að marktækur munur sé á milli áburðarliða þá getur tegundin skipt máli. Og þannig má líka sjá að smárablöndurnar með minnsta áburðarskammtinn eru marktækt lægri en reitir með hærri áburðarskammti óháð því hvort það eru vallarfoxgrasreitir eða smárablöndu reitir. Eins sést að smárablöndu reitirnir í hæsta áburðarskammtinum eru bara marktækt hærri en reitir í lægsta áburðarskammtinum óháð því hvort þeir séu gras eða smára reitir.

2. sláttur

Ekki kom fram marktækni, hvorki eftir tegund eða áburðarliðum. Hugsanlegt er að óuppleystur áburður frá vordreifingu skýri þessar niðurstöður þar sem áburðurinn og þar af leiðandi áhrif hans hafa ekki skilað sér. Í 22. töflu eru niðurstöður uppskerumælinga, skipt niður eftir tilraunaliðum og sláttutímum.

Því miður var hlutfall smára í sverði það lágt að hann hafði ekki tækifæri á að setja mark sitt á uppskeruniðurstöður tilraunarinnar en vænta hefði mátt töluverðs uppskeruauka í smárablöndureitum samanborið við hreina grasreiti ef hlutfall smára í sverði hefði verið herra.

22. tafla. Niðurstöður uppskerumælinga í sérhverjum tilraunalið í tilrauninni á Ásgarðshólnum.

Tegund	Uppskera, meðaltal hvers tilraunaliðar (t/ha)					
	1. sláttur			2. sláttur		
	Áburðarliðir, kg/ha			Áburðarliðir, kg/ha		
	70N- 60P-80K	70N- 30P-60K	70N- 15P-40K	70N- 60P-80K	70N- 30P-60K	70N- 15P-40K
Vallarfoxgras	5,8	5,3	4,3	4,1	4,5	4,4
Blanda	5,7	5,5	3,1	4,8	3,7	4,1

Spilda 61

1. sláttur

Uppskeruniðurstöður frá fyrri slætti í tilrauninni í spildu 61 (læggra pH í jarðvegi) sýndu martækan mun á meginþáttunum, tegundum og áburðarliðum þar sem að martæk víxlverkun var milli þessara þátta ($P=0,001$). Þegar áhrif víxlverkunar milli tegunda og áburðarliða er skoðuð sást að við hæsta áburðarmagnið af P og K eru hreinu vallarfoxgras reitirnir marktækt frábrugðnir smárablöndu reitunum við sama skammt en ekki var marktækur munur á uppskeru vallarfoxgrass og blöndunnar fyrir hina áburðaskammtana. Báðir lægri áburðarskammtarnir voru marktækt frábrugðnir hæsta áburðarskammtinum sama hvort um var að ræða hreina grasreiti eða smárablöndureiti.

2. sláttur

Þegar niðurstöður seinni sláttar er skoðaðar kom aðeins fram marktækni af áburðarliðnum ($P<0,001$) og þarna voru allir þrír áburðarliðirnir marktækt ólíkir hver öðrum. Áburðarliðurinn með hæsta P og K skammtinum hefur yfirleitt önnur áhrif á hvort heldur sem er hreina grasreiti eða smárablönduna heldur en hinir tveir áburðarliðirnir, þannig að meiri uppskera var við hæsta áburðarskammtinn bæði fyrir blöndurnar og hreint vallarfoxgras, samanborið við þá lægri.

Tilraunin var sett upp til þriggja ára en áframhald ræðst þó af því hvort framhaldsumsókn fái brautargengi hjá Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

23. tafla. Niðurstöður uppskerumælinga í sérhverjum tilraunalið í tilrauninni í spildu 61.

Tegund	Uppskera, meðaltal hvers tilraunaliðar (t/ha)					
	1. sláttur			2. sláttur		
	Áburðarliðir, kg/ha			Áburðarliðir, kg/ha		
	70N- 60P-80K	70N- 30P-60K	70N- 15P-40K	70N- 60P-80K	70N- 30P-60K	70N- 15P-40K
Vallarfoxgras	3,1	0,8	0	3,6	2,1	1,2
Blanda	1,9	0,4	0,5	3,4	1,6	1,4

– SMÁRI –

Forsmitaður smári

ÞÓREY ÓLÖF GYLFADÓTTIR

Vorið 2018 var sáð í 36 reita tilraun á Ásgarðshólnum á Hvanneyri í reitastærðinni 1,25m * 8m. Meginmarkmiðið var að kanna og bera saman, annars vegar lifun, og hins vegar uppskeru mismunandi gras- og smárablandna við misháa áburðarskammta. Mikilvægt er að kanna nýjungar sem í boði eru fyrir bændur á markaði og bera saman við þann efnivið sem fyrir er og reynst hefur vel í tilraunum. Forsmitað smárafræ af rhizobium jarðvegsbakteríum, frá framleiðendum, gæti stuðlað að aukinni notkun bænda þar sem þörf á smitun smárafræsins hefur hugsanlega neikvæð áhrif á almenna notkun hans.

Sáð var sex blöndum í tveimur áburðarliðum, 70N og 120N kg ha⁻¹. Sami skammtur var af P og K, eða 30P og 60K kg ha⁻¹.

Innihald blandna var eftirfarandi:

1. Taða: vallarfox Switch 20%, Vallarfox Rakel 30%, Hávingull Revansch 20%, Fjölært rýgresi Birger 15% og Rauðsmári Torun 15%
2. Slægja: vallarfox Switch 25%, Vallarfox Rakel 30%, Hávingull Revansch 20%, Fjölært rýgresi

- Birger 10% og Rauðsmári Yngve (2n) 15%
3. Taða + hvítsmári
 4. Slægja + hvítsmári
 5. Blanda: Fjögurra tegunda blanda í jöfnum hlutföllum; vallarfoxgras (Snorri), hávingull (Kasper), rauðsmári (Yngve) og hvítsmári (Undrom).
 6. Vallarfoxgras (Snorri) til viðmiðunar.

Tilraunin var slegin fyrsta slætti þann 19. júní 2019. Tekin voru sýni til greininga á hlutföllum tegunda í sverði. Samskonar sýni voru tekin við seinni slátt sem var 5. ágúst. Tekin voru jarðvegssýni til að mæla sýrustig og fjögur jarðvegssýni úr tilrauninni gáfu öll þá niðurstöðu að pH var 6 og yfir.

Uppskerutölur má sjá í töflu 24.

24. tafla. Niðurstöður uppskerumælinga í sérhverjum tilraunalið. Tölur eru meðaltöl í t/ha.

Blöndu tegund	Uppskera, meðaltal hvers tilraunaliðar (t/ha)					
	1. sláttur		2. sláttur		Alls	
	Áburður		Áburður		Áburður	
	70N	120N	70N	120N	70N	120N
Vallarfoxgras	6,1	5,1	2,1	3,2	8,2	7,9
Blanda	4,8	4,6	2,2	3,4	7,0	8,0
Slægja	4,6	5,3	3,4	4,3	8,0	10,0
Slægja+hvítsm.	5,6	4,1	2,6	4,9	8,2	9,0
Taða	5,4	4,0	4,0	6,0	9,3	10,0
Taða+hvítsm.	5,5	5,3	4,0	6,1	9,4	11,4

Það er tvennt sem vekur strax athygli þegar gögnin eru skoðuð. Annars vegar er áberandi hvað lítið er af smára í uppskerunni en hlutfall hans er mest 5,1% sem verður að teljast mjög lágt, líka samanborið við niðurstöður í öðrum smáratilraunum. Hvað veldur þessu lága hlutfalli smárans er ekki ljóst en hægt er að nefna þætti eins og mikla þurrka síðastliðið sumar sem líklega ástæðu eða hugsanlega þætti er tengjast sáningu og/eða lifun. Hitt sem er mjög áhugavert er að ekki er afgerandi munur á heildaruppskeru allra blandna eða hreinna vallarfoxgrasreita eftir áburðarliðum, það er 70 og 120 kg N/ha.

Það sem setur mark sitt á allar niðurstöðurnar er mjög lágt hlutfall hvít- og rauðsmára í tilrauninni. Vegna þeirrar staðreyndar var ekki líklegt að fá fram þann ávinning sem vænta má í blöndum þar sem hlutfall smára er hærra og meira jafnvægi er milli smára og grasa. Hins vegar er áhugavert að skoða niðurstöðurnar í 24. töflu en þar má sjá að blöndurnar eru heldur hærri en hreint vallarfoxgras þó svo að ekki hafi munurinn verið marktækur. Þetta er þó í samræmi við niðurstöður annarra tilrauna sem sýna að með

auknum fjölbreytileika valinna tegunda í sverði megi vænta uppskeruauka, en þar spila ólíkir eiginleikar fódurjurtanna mikilvægt hlutverk.

Tilraunin var sett upp til þriggja ára en áframhald ræðst þó af því hvort framhalds-umsókn fái brautargengi hjá Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

– KORN –

PPP bygg - Samþætting þekkingar frá akri og rannsóknastofu til byggkynbóta

MAGNUS GÖRANSSON

Þol bygglína gegn *Rhynchosporium secalis*.

Sem hluti af PPP bygg verkefninu voru 438 línur af tveimur samvíxluðum erfðahópum (PPP MAGIC 1 og PPP MAGIC 4) með breytilegt þol gegn sveppnum *Rhynchosporium secalis* sáð á Hvanneyri í tveimur endurtekningum, samtals 876 reitir (*hill plots*). Sáðdagur var 28. maí 2019 og sáð var með 30 cm millibili og 50 cm milli raða. Borið var á sem samsvaraði 40 kg N ha⁻¹ 27. júní. Plönturnar voru smitaðar með *Rhynchosporium secalis* af íslenskum uppruna 21. júlí. Sumarið reyndist hins vegar of þurrt til að fá ásættanlegt smit í þetta sinn.

Flýtigen í snemþroska bygg.

Átta foreldralínur og 200 afkvæmalínur af snemþroska PPP MAGIC erfðahópnum var sáð 5. maí 2019 á Keldnaholti. Línunum var sáð í 50 cm langar raðir með vetrarhveiti á milli byggraða. Fjarlægð var 40 cm á milli byggraða og 20 cm á milli byggraða og vetrarhveitis. Sáð var í moldarbeið sem áburði hafði verið blandað í. Allan vaxtartímann var skráð reglulega vöxtur (þróttur), plöntuhæð, skriðtími, axgerð og axþroski. Niðurstöðurnar verða notaðar til að kortleggja flýtigen í erfðamengjum og finna arfgerðir með heppilegar genasamsætu (*allele*) raðir sem nýta má í kynbótum á snemþroska bygg.



28. mynd. MAGIC línurnar á Keldnaholti 21. maí 2019.

Korn til bænda: Yrkisprófanir og kynbætur byggs fyrir norðlægar breiddargráður

MAGNUS GÖRANSSON

Þetta verkefni er beint framhald af verkefni sem áður var undir verkstjórn Jónatans Hermannssonar og er styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að koma á markað bestu yrkjum (línun) úr garði Jónatans Hermannssonar og að halda áfram að þróa yrki sem eru sérstaklega aðlöguð íslenskum aðstæðum í samstarfi við *Lantmännen Lantbruk* í Svíþjóð.

Samanburður á byggrykjum og kynbótalínunum á Hvanneyri og Möðruvöllum 2019

Sáð var 29 yrkjum/línunum í 3 tilraunir á tveimur stöðum. Yrkinu Brage var bara sáð á Möðruvöllum og kom þar í staðinn fyrir Teistu SE á hinum

stöðunum. Sáðkorn fyrir Lína 05-59 og Tiril var með mjög litla spírun sem útskýrir litla uppskeru þessara yrkja.

Korninu var sáð með reitasáningavél saman við tilbúinn áburð. Kornid var skorið með reitapreskivél og uppskera vegin á staðnum sem og sýni sem tekin eru fyrir þurrefnismælingar og kornþyngdarmælingar. Eftir þurrkun eru sýnin fullhreinsuð til að leiðrétta uppskeru. Við hreinsunina tókst ekki að hreinsa alveg áfastar títur á korninu í 22 sýnum, mest á Möðruvöllum og á melnum á Hvanneyri.

Alls var skráð mygla í 20 sýnum, öll á Möðruvöllum fyrir utan eitt. Það sýnir að þurrkunin hefur tekið of langan tíma með þeim afleiðingum að bæði þurrefnishlutfallið sem og kornþyngdin er líklega

25. tafla. Lykildagsetningar og daggráður

	Möðruvellir – mýri	Hvanneyri – mýri	Hvanneyri - melur
Sáð og borið á:	30. apríl	3. maí	7. maí
Áburður á ha:	45 kg N í 12N-7P-14K	45 kg N, 15N-3P-10K	90 kg N í 20N-4P-8K
Skorið:	25. september	17. september	17. september
Daggráður °D:	1285	1351	1323

¹Fram að skurðtíma þó að kornfylling hafi mikið til stöðvast eftir næturfrost 20. ágúst.

eitthvað vanmetin, sérstaklega á Möðruvöllum. Veðrið á Hvanneyri var óvenju hlýtt og þurr fram eftir sumri og sérstaklega í júlí. Þurrkskemmdir voru greinilegar í korninu á melnum. September var hins vegar mjög úrkomusamur.

Á Möðruvöllum var hiti nær meðallagi en júlí þó ágætlega hlýr. Þann 20. ágúst gerði næturfrost sem stöðvaði að mestu frekari

kornfyllingu í mörgum yrkjum. Ekki er marktækur munur á hálmuppskeru á milli yrkja. Finnsku sex raða yrkin raða sér í efstu sætin í kornuppskerunni. Kornþyngdin er mest í tvíraðayrkjunum SWA11019 og Filippu, sexraða Smyrill og 06-130:5 eru með hæsta þurrefnishlutfallið. Mesta lega var í sænsku sex raða línunum SWA14543 og SWA17593.

26. tafla. Megináhrif 29 yrkja/lína af þremur tilraunastöðum á mælda þætti fyrir utan hálmuppskeruna sem var mæld á tveimur stöðum á Hvanneyri.


Yrki/Lína	Raðir	Hálmuppsk. t þ.e./ha	Kornuppsk. t þ.e./ha	Kornþyng mg	Þurrefni %	Hæð cm	Lega 0-10
167-12 IS	2	3,1	4,7	36	56	69	1,7
263-9 IS	2	2,9	4,9	36	53	59	0,7
Anneli	2	3,9	5,6	42	52	71	1,2
Arild	2	3,9	5,7	39	52	70	1,2
Filippa	2	4,7	5,7	43	51	75	2,5
Kannas	2	4,5	5,5	41	53	68	0,8
Kria	2	3,5	6,1	38	56	66	1,5
Lína 05-59	2	2,9	1,5	36	44	68	1,3
SWA11019	2	3,2	5,7	44	56	78	1,5
SWA13048	2	3,1	5,1	39	50	70	1,2
06-130:5	6	3,5	6,7	37	59	77	2,2
265-41 IS	6	3,5	6,6	37	58	68	2,3
292-54 IS	6	2,6	5,8	38	58	76	1,0
333-4 IS	6	2,4	6,6	34	54	60	1,0
342-42 IS	6	3,0	6,9	35	57	69	1,2
342-6 IS	6	2,8	5,5	38	57	73	1,3
342-9 IS	6	3,6	6,6	36	55	75	1,3
Aukusti	6	3,6	7,2	38	55	78	1,8
Elmeri	6	3,2	7,4	38	56	74	2,2
Heder	6	3,4	6,5	38	57	74	1,0
Jalmari	6	3,6	7,2	36	57	75	1,3
Judit	6	3,6	7,1	37	57	72	2,5
Smyrill	6	2,5	6,6	35	59	67	1,0
SWA14543	6	3,2	6,4	35	58	70	3,0
SWA17593	6	3,8	7,1	34	57	80	2,7
Tiril	6	3,6	3,7	32	44	79	2,0
Trym	6	3,5	6,8	35	56	77	2,2
Vertti	6	2,9	6,9	37	58	71	1,7
Wolmari	6	3,7	7,4	35	57	77	2,0
Meðaltal		3,4	6,1	37	55	72	1,63
Staðalskekkja		0,524	0,420	0,89	1,5	3,37	0,48
<i>p-gildi</i>		0,3594	<0,0001	<0,0001	<0,0001	0,0006	0,0307

27. tafla. Megináhrif staða á mældu þætti 2019.


Staður	Hálmuppsk. t þ.e./ha	Kornuppsk. t þ.e./ha	Kornþyng mg	Þurrefni %	Hæð cm	Legg 0-10
Hvanneyri - melur	2,8	6,4	39	59	62	1,6
Hvanneyri - mýri	4,0	6,8	39	53	82	3,1
Möðruvellir - mýri		5,0	34	53	72	0,1
Staðskekka	0,137	0,136	0,29	0,48	1,10	0,15
<i>p-gildi</i>	<0,0001	<0,0001	<0,0001	<0,0001	<0,0001	<0,0001

Meðalkornuppskeran var frá 5,0 til 6,8 t/ha eftir stöðum, minnst á Möðruvöllum. Þar var einnig kornþyngdin lægst og legg lítil sem engin.


Á melnum á Hvanneyri eru Elmeri og Wolmari með mestu uppskeruna en Jalmari og Judit í mýrinni. Í Möðruvallamýrinni gaf Smyrill mestu uppskeruna.



29. mynd. Kornuppskera yrkja/lína á mel á Hvanneyri 2019, raðað eftir uppskeru.



30. mynd. Kornuppskera yrkja/lína á mýri á Hvanneyri 2019, raðað eftir uppskeru.



31. mynd. Kornuppskera yrkja/lína á Möðruvöllum 2019, raðað eftir uppskeru.



32. mynd. Kornsáning á Möðruvöllum 30. apríl 2019.



33. mynd. Uppskerudagur á Möðruvöllum 25. september 2019.

Jarðarber 2018 - 2019

CHRISTINA STADLER

Vetrarræktun í gróðurhúsum á Íslandi er algjörlega háð aukalýsingu. Viðbótarlýsing getur lengt uppskerutímann og komið í stað innflutnings að vetri til. Fullnægjandi leiðbeiningar vegna vetrarræktunar á jarðarberjum eru ekki til staðar og þarfnast frekari þróunar. Markmiðið var að prófa hvort ljósgjafi ásamt viðeigandi hitastillingu hefði áhrif á vöxt, uppskeru og gæði yfir hávetur á „junebearers“ og hvort að ræktun þeirra sé hagkvæm með ljósgjöfum að vetrarlagi.

Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu við garðyrkjuráðunauta og jarðarberjabændur. Verkefnið hefur notið stuðnings Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Verkefnisstjóri var Christina Stadler.

Gerð var jarðarberjatíraun með „junebearers“ (*Fragaria x ananassa* cv. Sonata og cv. Magnum) frá byrjun október 2018 og fram í miðjan janúar 2019 í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum. Jarðarber voru ræktuð í 51 pottum í sex endurtekningum með 12 plöntum/m² undir topplýsingu frá háþrýsti-natríumlömpum

(HPS, 180 W/m², 269 µmol/m²/s) eða undir LED ljósi (278 µmol/m²/s) að hámarki í 16 klst. Daghitin var 16°C í HPS klefa, en 19°C í LED klefa til að bæta viðbótarhitun sem verður með HPS ljósum. Næturhiti var í báðum klefum 8°C, CO₂ 800 ppm. Jarðarberin fengu næringu með dropavökvun. Áhrif ljósgjafa og viðeigandi hitastillingar var prófuð og framlegð reiknuð út.

CO₂ magnið var nærri því 100 ppm hærra í LED klefa vegna þess að gluggarnir í HPS klefa voru að opnast meira til að viðhalda réttu hitastigi. Lofthitastigið var að meðaltali 1,3°C hærra í LED kleanum vegna dagshita sem var sett 3°C hærri. Út af þessum stillingum var jarðvegshiti í LED kleanum um 1 °C hærri en í HPS kleanum, en laufhiti var eins á milli klefa. Hærra hitastig getur haft jákvæð áhrif á vöxt plantna og uppskeru undir LED ljósi: Þroski blómanna og berjanna var um einni viku seinni með HPS ljósum og því byrjuðu plöntur undir LED ljósum og við hærra hitastig einni viku fyrr að gefa þroskuð ber og uppskeran var einnig búin einni viku fyrr. Það tók

1-2 daga frá blómgun til frjóvgunar. Ávextir voru þroskaðir á 45 / 50 dögum (Magnum / Sonata) undir HPS ljósi og á 45 / 43 dögum (Magnum / Sonata) undir LED ljósi. Sonata var með 1-3% af ófrjóvguðum heildarblómum. Hins vegar var hlutfall hjá Magnum 24% ófrjóvgað eða blómin blómstruðu og visnuðu síðan undir LED ljósum og hærra hitastigi og 12% undir HPS ljósum.

Sonata var með 560 g á plöntu undir LED ljósi og 600 g á plöntu undir HPS ljósum. Sonata var með marktækt hærri markaðshæfrar uppskeru en Magnum, sem var með 430 g á plöntur undir LED ljósi og 520 g á plöntur undir HPS ljósum. Ástæðan fyrir meira en 13% lægri markaðshæfrar uppskeru af Magnum borið saman við Sonata voru færri jarðarber vegna hærra hlutfalls af illa löguðum jarðarberjum og var sá munur tölfraðilega marktækur. Mismunur milli yrkja myndaðist á miðju uppskerutímabilinu. Hlutfall uppskerunnar sem hægt var að selja var um 90%.

Ljósgröfinginn hafði ekki áhrif á þyngd markaðshæfrar uppskeru af Sonata. Hins vegar var yrkið Magnum með marktækt hærri markaðshæfrar uppskeru undir HPS ljósum. Það tengdist mögulega marktækt hærra magni af ófrjóvguðum blómum eða blómin blómstruðu og visnuðu síðan undir LED ljósum og við hærra hitastig, sem olli tilhneigingu til minna magns af söluhæfu aldin samanborið við HPS meðferðina. Ef svo færi að fjöldi af ófrjóvguðum blómum eða blómin sem blómstruðu og visnuðu síðan undir LED ljósum og hærra hitastig hefði verið lægri, mætti búast við að einnig hér hefði verið eins uppskera undir HPS og LED ljósum, eins og með Sonata.

Sykurinnihaldið var yfirleitt marktækt meira hjá Magnum en hjá Sonata. Enginn munur var á sykurinnihaldi milli ljósgjafa fyrir Magnum, en Sonata var með lægra sykurinnihaldi undir LED ljósum og hærra hitastigi miðað við HPS ljós. Þessi munur fannst líka í bragðprófun: Einkunnir voru hærri fyrir sætu og bragð af Sonata undir HPS ljósum, en fyrir Magnum kom þessi munur í einkunn ekki upp. Sonata var með meiri safu og Magnum með meiri þéttleika. Ræktun Sonata í staðinn fyrir Magnum jók uppskeru um 0,9 kg/m² og framlegð um 1.700 ISK/m² undir HPS ljósi og um 1,5 kg/m² og 3.200 ISK/m² undir LED og hærra hitastigi (28. tafla).

28. tafla. Söluhæf uppskera og framlegð eftir meðferðum.

Meðferð	Söluhæfra uppskeru (kg/m ²)	Framlegð (ISK/ m ²)
HPS Sonata 16°C	7,2	6.782
LED Sonata 19°C	6,7	6.670
HPS Magnum 16°C	6,3	4.989
LED Magnum 19°C	5,2	3.443

Með notkun LED ljóss var næstum 46% minni dagleg notkun á kWh, sem leiddi til minni útgjalda fyrir raforku miðað við HPS ljós, en hærri fjárfestingarkostnaður er af LED. Þegar LED ljós var notað, þá minnkaði framlegð um 1.500 ISK/m² fyrir Magnum, en ljósgjafi hafði engin áhrif á framlegð hjá Sonata. Hærri rafmagnsgjaldskrá fyrir dreifbýli breytir framlegð næstum ekkert. Það skiptir nánast ekki máli hvort gróðurhús er staðsett í þéttbýli eða dreifbýli, framlegð er svipuð, en þó aðeins betri í þéttbýli. Möguleikar til að minnka kostnað, aðrir en að lækka rafmagnskostnað eru taldir upp í

umræðunum í Riti LbhÍ nr. 117.

Áður en hægt er að ráðleggja að nota LED, er þörf á fleiri rannsóknum. Með viðeigandi hitastillingum var samkvæmt þessari tilraun hægt að bæta viðbótarhitun, sem varð til vegna HPS ljósanna, við LED klefann til að ekki yrði seinkun á vexti og uppskeru. Hins vegar vantar meiri reynslu með ræktum undir LED ljósi. Þess vegna er ekki mælt með því að skipta HPS lampa út fyrir LED að svo stöddu.

Sjá nánar í Riti LbhÍ nr. 117:

<http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/finalreportstrawberry34end.pdf>